



INNRA MAT SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2018-2019

Skýrsla matsteymis

Matsteymi skipa Anna Bergrós Arnarsdóttir, Anna Lilja Hauksdóttir, Jónína Sveinbjörnsdóttir, Sigrún Helga Snæbjörnsdóttir, Steven Allan Bos og Þórdís Eva Þórhallsdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. Starfsáætlun	3
1.1. Leiðir til gagnaöflunar.....	3
1.2. Mat á Starfsáætlun Síðuskóla með hliðsjón af aðalnámskrá og gátlista sviðsstjóra fræðslusviðs3	
1.3. Umbótaáætlun vegna Starfsáætlunar	4
2. Nemendur - líðan og þarfir	4
2.1. Leiðir til gagnaöflunar.....	4
2.2. Mat á líðan, þörfum og starfsanda nemenda.....	4
2.2. Umbótaáætlun vegna	5
3. Stjórnun og starfsandi	5
3.1. Leiðir til gagnaöflunar.....	5
3.2. Mat á stjórnun	5
3.2.1. Umbótaáætlun vegna stjórnun	5
3.3. Mat á líðan, þörfun og starfsanda starfsmanna	Error! Bookmark not defined.
3.3.1. Umbótaáætlun vegna líðanar, þarfa og starfsanda starfsmanna.....	Error! Bookmark not defined.
4. Viðmót, menning, skólabragur – samskipti heimila og skóla	6
4.1. Leiðir til gagnaöflunar.....	6
4.2. Niðurstöður foreldrakönnunar á viðtalsdögum í október.....	6
4.3. Niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúls.....	7
Lokaorð.....	8

Inngangur

Matsteymi Síðuskóla skólaárið 2018-2019 skipa Anna Bergrós Arnarsdóttir deildarstjóri, Anna Lilja Hauksdóttir þroskaþjálfari, Jónína Sveinbjörnsdóttir kennari, Sigrún Helga Snæbjörnsdóttir sérkennari, Steven Allard Bos kennari og Þórdís Eva Þórhallsdóttir kennari. Anna Bergrós Arnarsdóttir deildarstjóri er tengiliður og hefur umsjón með fyrirlögn Skólapúlsins.

Helstu áherslur í innra mati skólaárið 2018-2019 eru samkvæmt fjögurra ára áætlun:

- Starfsáætlun
- Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi
- Stjórnun
- Viðmót og menning skólabragur
- Samstarf heimila og skóla

Hver þáttur fyrir sig er skoðaður út frá fyrirliggjandi gögnum s.s. niðurstöðum Skólapúlsins, frammistöðumati, samræmdum prófum, könnun á líðan, spurningakönnun og áhorfi. Fyrir hvern matsþátt er gerð áætlun um það sem meta skal. Rýnt er í gögn og þau dregin saman í niðurstöður. Í lok hvers undirkafla er tillaga að úrbótum ef niðurstöður eru ekki ásættanlegar.

Hér að neðan má sjá fjögurra ára áætlun fyrir innra mat Síðuskóla.

2018-2019 Starfsáætlun, Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi, Stjórnun, Viðmót og menning skólabragur, Samstarf heimila og skóla	2019-2020 Skólanámskrá, Nám og kennsla, Námsárangur, Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi
2020-2021 Starfsáætlun, Námsmat, Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi, Stjórnun, Viðmót og menning skólabragur, Aðbúnaður, Samstarf heimila og skóla, Ytri tengsl (tengsl skólastiga),	2021-2022 Skólanámskrá, Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi, Skólaþróun, Ráðstöfun auðlinda - fjármagns, tíma, mannauðs og búnaðar

Ef ekki er svigrúm til að fara yfir alla matsþættina ár hvert færast þeir yfir á næsta skólaár.

Meginkaflar skýrslunnar eru fjórir og eru eftirfarandi: 1. Starfsáætlun, 2. Nemendur – líðan og þarfir, 3. Stjórnun og starfsandi, 4. Viðmót, menning, skólabragur – samskipti heimila og skóla.

1. Starfsáætlun

1.1. Leiðir til gagnaöflunar

Til að meta hvort starfsáætlun Síðuskóla stendur undir því sem lagt er upp með er rýnt í aðalnámskrá grunnskóla og starfsáætlunin borin saman við þá þætti sem þar liggja til grundvallar.

a) Bera starfsáætlun saman við aðalnámskrá og þá þætti sem þar eru tilgreindir (m.a. kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir sbr. 2gr. laga nr. 364/2013). Einnig stuðst við gátlista frá Karli Frímannssyni sviðsstjóra fræðsluviðs um starfsáætlun.

b) Leggja mat á útlit og uppsetningu.

1.2. Mat á Starfsáætlun Síðuskóla með hliðsjón af aðalnámskrá og gátlista sviðsstjóra fræðsluviðs

Í skólanámskrá skal m.a. birta upplýsingar um:

- Starfsáætlun birtist í heild sem pdf-skjal á heimasíðu skólans.
- Stjórnskipulag skólans þ.m.t skipurit.
- Listi yfir starfsfólk skólans og starfsheiti.
- Skóladagatal með upplýsingum um fjölda skóladaga, skerta skóladaga, leyfi og helstu viðburði skólaársins auk skýringa.
- Tilhögun kennslu s.s. kennsluáætlanir.
- Viðfangsefni innra mats.
- Starfsáætlun nemenda.
- Val nemenda í 8.-10. bekk.
- Skólaráð, foreldraráð og foreldrafélag og starfsáætlanir þeirra.
- Umsögn skólaráðs um starfsáætlun.
- Stjórn nemendaráðs.
- Skólareglur.
- Upplýsingar um stoðþjónustu.
- Upplýsingar um tómstundastarf og félagslíf.
- Símenntunaráætlun.
- Rýmingaráætlun.
- Viðbrögð við vá.
- Upplýsingar um opnunartíma skólans.
- Stundaskrár allra bekkja.
- Mötuneyti.
- Upplýsingar um forföll og leyfi.

Við athugun á ofantöldu kom fram að undir liðnum skóladagatal er ekki að finna upplýsingar um vettvangsferðir árganga. Að öðru leyti gaf skóladagatal og skýringar góða mynd af skipulagi skólaársins. Undir liðnum starfsáætlun nemenda finnast ekki stundaskrár nemenda, þær má finna á Mentor.is. Viðbrögð við vá fundust ekki, eiga að vera í fjórum liðum; veikindafaraldur, óveður, eldgos og jarðskjálftar.

Símenntunaráætlun er á innra drifi skólans en ekki á heimasíðunni.

Áfallaráð, á eftir að uppfæra fyrir þetta skólaár.

Vantar starfsáætlun FOKS.

1.3. Umbótaáætlun vegna Starfsáætlunar

Þær breytingar sem þarf að gera svo að allt sé til staðar í starfsáætlun eru eftirtaldir:

- Upplýsingar um vettvangsferðir nemenda vantar inn á skóladagatala/heimasíðu skólans
- Fram kemur einnig að ekki er að finna stundaskrá hvers bekkjar inni á heimasíðu skólans.
- Þegar matið á starfsáætluninni var unnið kom í ljós að uppfæra þurfti valgreinablað. Það hefur nú þegar verið unnið.
- Inni á heimasíðunni þarf að uppfæra fulltrúa í nemendaráði. Réttar upplýsingar eru inni á s-drifi en ekki á heimasíðu.
- Alveg skortir upplýsingar um viðbrögð við vá, einnig þarf að uppfæra upplýsingar varðandi áfallaráð. Þar inni eru árs gamlar upplýsingar.
- Upplýsingar um FOKS eru nú komnar inn á heimasíðu en vantar í starfsáætlun.
- Við veltum fyrir okkur hvers vegna flipinn starfslýsingar er þarna inni þar sem ekkert er undir honum. Sá hluti kom inn á heimasíðu seinni hluta skólaárs.

2. Nemendur - líðan og þarfir

2.1. Leiðir til gagnaöflunar

Meta skal hvernig líðan og þörfum nemenda er mætt.

a) Rýnt er í niðurstöður líðankannana sem ráðgjafi lagði fyrir í desembermánuði.

b) Niðurstöður Skólapúlsins eru skoðaðar til að meta líðan og þarfir nemenda í skólanum.

2.2. Mat á líðan, þörfum og starfsanda nemenda

Helstu niðurstöður úr líðankönnunum og Skólapúlsins eru eftirfarandi:

- a) Búið er að leggja líðankannanir fyrir og niðurstöður birtar umsjónarkennurum. Einnig hefur lausnateymi fengið upplýsingar um einstaka nemendur og er að vinna úr þeim þar sem við á. Þeir sem verst komu út úr könnuninni fengu áframhaldandi viðtal við ráðgjafa og aðila úr lausnateymi.
- b) Miðað við niðurstöður Skólapúlsins hafa börnin í Síðuskóla ívið minni *ánægju af lestri* en börn í öðrum skólum á landinu. Munurinn er þó ekki marktækur eða aðeins -0,2 stig. Þegar *þrautseigja í námi* er skoðuð kemur í ljós að munurinn þar er -0,6 stig, það telst marktækur munur. Sama má segja um liðinn *trú á eigin vinnubrögð í námi*. Ef þátturinn *velliðan* er skoðaður kemur í ljós að þar mælast nemendur Síðuskóla nákvæmlega eins og börn annars staðar á landinu, eða með stuðulinn 0,0 stig. Ef skoðaður þátturinn *einelti* kemur í ljós að hér erum við 0,2 stigum lægri en aðrir skólar þar sem hlutfall eineltis í Síðuskóla er 2,4%. Til að skoða starfsanda meðal nemenda skoðum við þættina *samsömun við nemendahópinn* og *samband við kennara*. Niðurstöður seinni þáttarins gefa samsvarandi svörum og aðrir skólar, þ.e. stuðulinn 0,0. Hins vegar gefa niðurstöður fyrri þáttarins til kynna að þar eru nemendur Síðuskóla með -0,2 stig.

2.2. Umbótaáætlun vegna mats á líðan, þörfum og starfsanda nemenda

Mikilvægt er að hlusta á raddir nemenda og því er Skólapúlsinn og líðankannanir sem lagðar eru fyrir mikilvægt verkfæri fyrir starfsfólk að vinna með. Stjórnendur skólans þurfa að opna þá umræðu með öllu starfsfólki skólans með umbótaáætlun í huga.

Næsta skólaár þarf að huga áfram að þeim þáttum sem koma illa út t.d. í Skólapúlsinum og halda jákvæðri umræðu á lofti.

3. Stjórnun og starfsandi

3.1. Leiðir til gagnaöflunar

Vorið 2018 var starfsmannkönnun lögð fyrir í Síðuskóla. Allir starfsmenn skólans fengu boð um þátttöku en fá svör bárust, u.þ.b. 30% eða rétt undir 30. Spurningarnar voru 5 bæði opnar og lokaðar.

3.2. Mat á stjórnun

- Í fyrstu spurningu þar sem spurt er um vinnuaðstöðu kemur fram að rúmur helmingur svarenda taldi vinnuaðstöðu vera í lagi. Það sem helst var sett út á var, húsbúnaður og tölvur og internet.
- Í annarri spurningu var spurt hvort fólk hugsi um að hætta í starfi sagðist rúmur helmingur svarenda ekki hafa gert það. 8 svöruðu spurningunni játandi og 4 voru í vafa.
- Í þriðju spurningu var fólk innt eftir því hvað hægt væri að gera til að gera vinnustaðinn betri. Þar voru svör gróflega flokkuð í 2 flokka; starfsandi og stjórnendur. 14 töldu að starfsandinn mætti vera betri og 10 töldu að stjórnendur gætu gert vinnustaðinn betri.
- Í fjórðu spurningu voru svarendur spurðir hvað í stjórnunarháttum skólans þyrfti að bæta. 12 nefndu faglega forystu, 9 töldu hvatningu og áhuga skorta hjá stjórnendum, 6 nefndu skort á upplýsingaflæði og 3 nefndu að hlúa þyrfti betur að nýju starfsfólki.
- Í fimmtu spurningu var starfsfólk spurt hvort það vildi koma einhverju öðru á framfæri varðandi vinnustaðinn. Þar kom ekkert nýtt fram.

3.2.1. Umbótaáætlun vegna stjórnunar og starfsanda

Samkvæmt ársгамalli könnun meðal starfsmanna kom ýmislegt í ljós sem betur má fara.

Unnið hefur verið í að bæta húsbúnað og tölvur. Komin eru ný húsgögn fyrir kennara og nemendur. Auk þess sem fjölmargar Chromebook vélar hafa verið keyptar og netsamband bætt.

Mikilvægt er að stjórnendur rýni í þau svör sem komu fram til að gera vinnustaðinn okkar betri. Okkur þykir gott að vita af þessari einu klst. sem við höfum sem auka sveigjanleika. Ennfremur tillaga fyrir næsta skólaár varðandi skráningar á hreyfingu í vinnustund, allt að 2 klst.

4. Viðmót, menning, skólabragur – samskipti heimila og skóla

4.1. Leiðir til gagnaöflunar

Til að meta viðmót, menning, skólabrag og samstarf heimila skóla var könnun lögð fyrir foreldra á viðtalsdögum í október 2018.

- Könnunin innihélt 9 spurningar sem samdar voru uppúr Skólapúlsi síðasta árs.
- Niðurstöður úr foreldrahluta Skólapúls 2017-2018


4.2. Niðurstöður foreldrakönnunar á viðtalsdögum í október

- Í foreldraviðtölum í september voru foreldrar beðnir um að svara nokkrum spurningum um viðhorf þeirra gagnvart skólanum.

140 foreldrar af 199 svöruðu könnuninni.

Spurt var hvort þeir væru ánægðir með hvernig tekið væri á agvandamálum í skólanum. 128 sögðust vera mjög eða frekar ánægð en 5 voru frekar óánægðir.

Einnig voru foreldrar spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með samskipti starfsfólks við barnið þeirra. 139 voru mjög eða frekar ánægð með samskipti umsjónakennara við barnið sitt, 2 voru frekar óánægðir með samskipti umsjónakennara.



133 voru mjög eða frekar ánægð með samskipti annarra kennara við barnið sitt en 3 voru frekar óánægðir.

132 voru mjög eða frekar ánægðir með samskipti annars starfsfólks við barnið en 3 voru frekar óánægðir.

Í spurningu er varðar hvernig komið er til móts við þarfir barna þeirra kom í ljós að 89 voru mjög ánægðir, 48 frekar ánægðir en 2 voru frekar óánægðir.

Þegar spurt er hvernig þeir halda að barninu þeirra líði í skólanum og frímínútum sögðust 90 foreldrar halda að barninu þeirra líði mjög vel í skólanum, 41 halda að barninu þeirra líði frekar vel en 2 foreldrar halda að barninu þeirra líði frekar illa í skólanum.

79 foreldrar halda að barninu þeirra líði mjög vel í frímínútunum, 47 halda að barninu þeirra líði frekar vel í en 10 foreldrar halda að barninu þeirra líði frekar illa í frímínútum.

Einnig voru foreldrar spurðir hvaða þætti þeir myndu vilja áhrif á í skólanum. Í þessari spurningu áttu foreldrar að merka við alla þá möguleika sem áttu við. 33 foreldrar myndu vilja hafa meiri áhrif á foreldra samskipti, 8 vildu hafa meiri áhrif á stjórnun og stefnu, 21 vildu hafa meiri áhrif á agamál í skólanum, 22 foreldrar vildu hafa meiri áhrif á val á námsefni, 23 vildu hafa meiri áhrif á námshraða barna sinna, 19 vildu hafa meiri áhrif á áherslur í námsgreinum og 12 vildu hafa meiri áhrif á kennslufyrirkomulagið í skólanum.

Í ljós kom að 114 voru mjög ánægðir með síðasta foreldraviðtal en 25 voru frekar ánægð. Enginn var óánægður.

Að síðustu voru foreldrar spurðir hvort þeir viti hvernig þeir geta hjálpað barni sínu að standa sig vel í skólanum. 80 foreldrar voru mjög sammála því að þeir gætu hjálpað barninu sínu, 57 voru frekar sammála og 3 voru frekar ósammála.



Einnig höfðu foreldrar tækifæri til að koma á framfæri öðrum athugasemdum.

Flestir voru mjög ánægðir og hrósuðu skólanum en eitt foreldri benti á að árgangur 2010 væri of stór og annað foreldri bendir á að það sé verið að senda of mikið af tölvupóstum, oft um það sama og ekki nægilega vandað orðaval.

4.3. Niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúls

Foreldrakönnun Skólapúls var lögð fyrir skólárið 2017-2018. Niðurstöður voru eftirfarandi:

Nám og kennsla

Fram kom að foreldrar í Síðuskóla eru jákvæðari gagnvart þessum þætti en foreldrar á landsvísu. Munar það mest tæplega 11% þegar spurt er um ánægju með aga í skólanum.

Velferð nemenda

Almennt telja foreldrar að börnum þeirra líði vel í skólanum þar sem svörum þeirra er jákvæð í yfir 90% tilvika í öllum þeim spurningum sem þar liggja að baki.

Foreldrar í Síðuskóla telja umfang eineltis vera örlítið meira en aðrir foreldrar. Hins vegar kemur fram að ánægja með viðbrögð og úrvinnslu er meiri en annarra foreldra.

Aðstaða og þjónusta

Foreldrar skólans eru aðeins ánægðari en aðrir foreldrar á landinu með aðstöðu í skólanum. Hins vegar eru þeir örlítið óánægðari með aðstöðu til tólmundastarfs en foreldrar annars staðar.

Munurinn á báðum tilvikum marktækur þó lítil sé.

90,2% nemenda í Síðuskóla eru skráð í mötuneyti skólans. Þau sem ekki nýta sér það hafa aðallega fyrir því tvær ástæður, það er matvæðni og óánægja með matseðil.

Foreldrasamstarf

Foreldrum í Síðuskóla finnst meira tillit sé tekið til óska þeirra varðandi nemendur en foreldrum annars staðar á landinu. Einnig má taka fram að 96% foreldra er ánægður með heimasíðu skólans.

Heimastuðningur

Trú foreldra Síðuskóla á eigin getu til að aðstoða börn sín er örlítið minni en annars staðar en að sama skapi eyða þeir meiri tíma í heimanámsaðstoð. Fleiri foreldrar hér á svæðinu gera ráð fyrir því að börn sín fari frekar í háskólanám en iðnnám. Hins vegar sýna niðurstöður að færri foreldrar hér hafa væntingar um háskólanám barna sinna en á landsvísu og að sama skapi eru fleiri sem sjá börnin sín fyrir sér í iðnnámi.

Lokaorð

Þessi skýrsla hefur verið unnin jafnt og þétt yfir vetrartímann og lokahönd lögð á hana í júní. Matsteymið fundar einu sinni í viku yfir veturinn, eina klst. í senn en sá tími er knappur ef sinna á öllum matsþáttum vel. Þetta er hins vegar mikilvægur þáttur í skólastarfinu og nauðsynlegt að vera vel á varðbergi og bregðast við þegar hægt er að gera betur.

Veturinn 2015-2016 var gerð ytra mats úttekt á skólanum. Þar kom í ljós að margir þættir varðandi innra matið voru ekki í lagi. Unnið hefur verið að úrbótum á þeim þáttum á síðustu árum og enn má þar bæta í. Þar á t.d. meta með markvissari hætti ýmsar upptökur í skólastarfinu, kennsluhætti og nýjungar.